

FRÉTTIR MÁNAÐARINS

Öndvegissjóður úthlutanir

Þann 13. júlí var úthlutað styrkjum úr Öndvegissjóði Brothættra byggða. Verkefnið Kjötvinnsla í Árdal hlaut styrk að upphæð 5,7 milljónir og óskum við þeim til lukku með það. Hægt er að lesa meira um verkefnið í Árdal á heimasíðunni þeirra sem má finna [hér](#).



Litla frostrósín

SSNE hefur undirritað samning við Tröppu ráðgjöf um framhald á verkefni sem atvinnuþróunarfélögin fengu styrk í árið 2017 og hefur verið í vinnslu síðan. Verkefnið í heild lýtur að því að efla áhuga grunnskólanemenda á iðn- og tækninámi enda ljóst eftir greiningu sem RHA vann að vöntun er á fólki með þá þekkingu og sérstaklega þegar horft er til framtíðar.

Í upphafi var unnið með Samtökum iðnaðarins og unnið með þeirra verkefni sem heitir GERT. Það var kynnt inn í alla grunnskóla á norðaustursvæði og haldnir samvinnufundir með forsvarsmönnum skóla, bæði grunn- og framhaldsskóla. Einnig var fundað með atvinnurekendum og í dag eru nánast allir grunnskólar á svæðinu aðilar að GERT.

Næsta skref verður tekið með Tröppu ráðgjöf og felst í að móta umhverfi þar sem hægt er að samþætta iðn og tæknigreinar, sköpun og bóklegt nám í nemendastýrdum verkefnum og koma á fót heildstæðum vísindaverkefnum með áherslu á iðn- og tæknigreinar. Í upphafi verður unnið með skólum að því að móta kennsluáætlun byggða á þessari hugmyndafræði og bjóða fram kennsluráðgjöf og stuðning. Þetta verkefni er í línu við sóknar- og byggðaáætlanir.

A10 Byggðaáætlun- Almenningsamgöngur

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur opnað fyrir umsóknir um framlög til verkefna á sviði almenningsamgangna, sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024. Markmiðið er að styðja við þróun almenningsamgangna, sérstaklega út frá byggðalegum sjónarmiðum. Til ráðstöfunar verða allt að 32,5 milljónir kr.


SSNE í samvinnu við sveitarfélög, þjónustuaðila og áhugamannahópa eru að vinna að tveim umsóknum á svæðinu sem lúta annarsvegar að aukinni þjónustu með samlegð þjónustubátta í huga og hinsvegar að uppbyggingu hjóla- og göngustíga til að gera íbúum auðveldara að komast í reglubundnar almenningsamgöngur. Umsóknum verður skilað fyrir 9. ágúst.

Aðgengi er virkilega mikilvægt fyrir dreifð svæði bæði upp á þjónustu við íbúa svo og atvinnuuppbyggingu og sagt verður frekar frá verkefnum fá þau styrk til að halda áfram.

Upplifdu.is

Markaðsstofur landshlutanna settu í mánuðinum metnaðarfullan vef í loftið þar sem hægt er að setja saman ferðalag með áhugaverðum áningastöðum. Yfir 600 áningastaðir eru inn á vefnum núna og munu eflaust fleiri bætast við eftir því sem tíminn líður.

Þið hafið allan ágúst til að plana ferðalagið með vefnum og sjá hvaða áningastaðir heilla!



SPJALL VIÐ REBEKKU KRISTÍNU, NÝRÁÐINN VERKEFNASTJÓRA HJÁ SSNE

Hvað var það við starf verkefnastjóra hjá SSNE sem fékk þig til að sækja um?

Ég hef meðfæddan áhuga á landsbyggðinni og eflingu hennar. Í þessu starfi sá ég tækifæri til að koma að uppbyggingu Norðurlands eystra á breiðum grundvelli og öðlast innsýn í öll þau spennandi verkefni sem eru í gangi þvert á alla atvinnuvegi og svið.

Hverja telur þú vera helstu styrkleika landshlutans?

Hér er stórbrotin náttúra og urmull tækifæra til að njóta lífsins, bæði í leik og starfi. Dugnaður og elja einkenna fólkið sem hefur valið sér búsetu á nyrstu svæðum Evrópu, hér ríkir samstaða og sjálfsbjargarviðleitni sem fleytir okkur áfram. Það er vilji og verkvit til staðar að efla og auka ferðaþjónustu á svæðinu og tækifæri í því fyrir bæði stærri fyrirtæki sem og einyrkja í sveitum og bæjum svæðisins. Hér ræður fjölbreytileikinn ríkjum og eitthvað fyrir alla í boði, það er bara spurning um að kynna það og efla frekar.

Nú hefurðu rekið þitt eigið fyrirtæki, í hverju fólst sú starfsemi?

Ég rak tvö fyrirtæki í eigin nafni í Hong Kong. Annað var viðburðastjórnun þar sem ég skipulagði fundi, árhátíðir og fleiri viðburði fyrir stór fyrirtæki og hitt var ráðningaþjónusta fyrir barnfóstrur sem nýbakaðir foreldrar réðu til að hjálpa til á heimilinu þegar fjölgaði. Það voru að miklu leyti foreldrar sem ég kynntist í gegnum ljósmóðurþjónustu systur minnar sem var annað fyrirtæki sem ég kom að uppbyggingu og rekstri á í samstarfi við hana.

Ef þú værir að stofna aftur fyrirtæki, hvað væri það fyrsta sem þú myndir huga að?

Gera viðskiptaáætlun og grófa greiningu í Excel.

Hvað er draumasumarfríð?

Draumasumarfríð samanstendur af mikilli útiveru, helst á fjöllum, góðu veðri og algeru frí frá tölvupóstum. Ég fór einu sinni í 3ja daga göngu í Nepal í hlíðum Annapurna og þrátt fyrir að ferðin öll hafi bara verið 5 dagar í heild sinni, leið mér eins og skipt hafi verið um rafgeymi, spindilkúlu og glussa - ég kom tvíefld heim. Ef það væri ekki fyrir Covid-19 væri ég að fara í 3ja sinn í slíka ferð í nóvember.

Áttu þér lífsmottó? Ef svo hvað er það?

Ég hef átt þau mörg og þar sem ég átti heima erlendis síðustu 18 árin eru þau flest á ensku. 'Just do it' og 'Because I can' hafa fylgt mér lengi, ég trú á að kýla á hlutina og taka sénsa sem hefur skilað mér í ýmis ævintýri og upplifanir sem ég hefði aldrei viljað missa af.

Hvenær byrjarðu hjá SSNE og hvernig er best að vera í sambandi við þig?

Ég er ekki búin að ganga frá því við Eyþór, við ætluðum að heyrast þegar hann er búinn í sumarfrí og þá finnum við út úr því. Ég verð í hlaupaferð í Jökulsárgljúfrum um helgina og hjólaferð á Tröllaskaganum 13-16 ágúst en síðan alveg laus og geri ráð fyrir að byrja þessvegna 17. eða fljótlega eftir það. Það er best að ná í mig í 852 2161, ég kys símtöl framyfir sms eða tölvupósta en allt skilar þetta sér nú á endanum á réttan stað.

Bestu kveðjur, Rebekka



ÝMISLEGT

Byggðaáætlun 2018-2024

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá opnu samráði varðandi byggðaáætlun. Því samráði lýkur í enda ágúst og eru allir hagaðilar hvattir til að taka þátt í ferlinu. Samráðsgátt má finna [hér](#).

Samkvæmt lögum skal ráðherra leggja fram á a.m.k þriggja ára fresti fyrir Alþingi stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til 5 ára. Gildandi byggðaáætlun var samþykkt samhljóða í júní 2018 þannig að á næsta vori verða liðin þrjú ár frá samþykkt hennar.

Nú við upphaf endurskoðunar byggðaáætlunar hefur ráðherra ákveðið að efna til opins samráðs um mótun, form, inntak og framkvæmd hennar. Opið verður fyrir þennan hluta samráðsins til og með 31. ágúst 2020. Síðar í ferlinu verður efnt til samráðsfunda í landshlutunum ásamt því að tillaga að endurskoðaðri áætlun fer í samráðsgátt áður en hún verður lögð fyrir Alþingi.



Félagsþjónusta og barnavernd- styrkir v. Covid

SSNE vekur athygli á nú er hægt að sækja um styrki byggða á fjárukalögum fyrir árið 2020, samþykktum á Alþingi 11. maí 2020 þar sem ákveðið var að veita 30 m.kr. til að takast á við áskoranir sem fylgja COVID-19 í félagsþjónustu og barnavernd í dreifðustu byggðum landsins.

Sveitarfélög sem hyggjast sækja um styrk þurfa að byggja umsóknir á málum sem lúta að skjólstæðingum með búsetu í dreifbýli eða byggðakjörnum með 1.500 íbúa eða færri m.v. 1. janúar 2020. Nánar er hægt að sjá um styrkina og ferlið [hér](#).

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Nú eru margir að mæta til vinnu aftur eftir sumarleyfi og atvinnulífið að komast í sitt venjulega horf. Þetta eru dagar skipulagsvinnu fyrir haustið og komandi vetur þar sem kapp er lagt á að komast yfir öll þau mikilvægu verkefni sem bíða.

Það er mjög ánægjulegt að sjá að landinn hefur verið mjög duglegur að njóta landsins gæða í sumarleyfi sínu og víða um land hefur ferðamennska verið mjög líflæg í sumar. Margir eru að upplifa landið sitt á nýjan hátt, heimsækja nýja staði og kynnast því sem landsbyggðin hefur upp á að bjóða. Ekki verður annað séð en að átak ferðaþjónustunnar í að laða til sín íslenskt ferðafólk hafi heppnast vel.

En Covid-19 faraldurinn er ekki að baki og "þetta er ekki alveg búíð" það blasir við okkur núna. Við þurfum því áfram að skipuleggja starfsemiina í samræmi við tilmæli stjórnvalda og gera það sem við getum til að lágmarka smithættu. Munum það að við getum, hvert og eitt, haft mikil áhrif til góðs. Við erum öll almannavarnir.

Það er góð tilfinning að vera kominn aftur til vinnu eftir gott sumarfrí og ég hlakka til þess annasama og skemmtilega tíma sem framundan er í starfsemi SSNE.

Með kærri kveðju
Eyþór Björnsson



Á myndinni má sjá starfsfólk SSNE, Ara, Helgu Maríu og Baldvin á starfsdegi í vor þar sem unnið var í starfsáætlun og stefnumótun. Starfsfólk flykkist nú til starfa eftir sumarfrí og haldið verður áfram í stefnumótunarvinnu ásamt öðrum verkefnum.

ÝMISLEGT

Tekist á við áskoranir í kjölfar Covid

Sagt var frá því í síðasta fréttabréfi að myndað var þriggja einstaklinga teymi sérfræðinga samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Byggingastofnunar og landshlutasamtaka sveitarfélaga til að greina áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir vegna Covid-19.

Teymið skilað af sér niðurstöðum úr vinnunni í upphafi júlí til ráðherra þar sem tekin voru saman áhrif Covid í þeim sveitarfélögum sem voru metin hvað viðkvæmust vegna tekjufalls í ferðaþjónustu og einnig tillögur um úrræði í framhaldinu. Þetta var unnið náð með sveitarfélögunum og tillögurnar komu frá þeim.

Styrkir til bættar einangrunar- Átaksverkefni 2020

Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið í samvinnu við Orkusetur hefur ákveðið að styrkja húseigendur sem ráðast vilja í endurbætur á einangrun húsnæðis með rafhitun í nokkrum þáttökubyggðarlögum í verkefninu Brothættum byggðum.

Verkefnastjórar Betri Bakkafjarðar, Glæðum Grímsey og Öxarfjarðar í sókn ásamt starfsmanni á Raufarhöfn eru að skoða þetta á sínum svæðum. Umsóknafrestur er til 15. ágúst.

COVID UPPLÝSINGASÍÐA

Starfsfólk SSNE tók saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að koma til móts við rekstrarvanda sem skapast getur vegna Covid. Markmiðið er ekki að endurskrifa allt það efni sem til er á netinu heldur að vera veita inn á viðeigandi úrræði. Síðuna má finna [hér](#).